

Minnisblað

Dagsetning: 07.11.2022
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2022 – Fuglavöktun á höfuðborgarsvæðinu

Fuglar eru góðir vísar á breytingar í umhverfi okkar því þeir endurspegla fljótt ástand þeirra vistkerfa sem þeir byggja afkomu sína á. Breytingar í fjölda einstaklinga og varpárangur tegunda frá ári til árs er hagkvæm og auðveld leið til að meta ástand og þróun ólíkra vistkerfa. Gildi langtímarannsókna er ótvírætt þegar kemur að slíkri vöktun þar sem breytingar vegna einstakra atburða getur reynst erfitt að sjá og útskýra nema með reglubundnum mælingum. Langtímarannsóknir ná að sama skapi best utan um meginatburði í þróun vistkerfa og einstakra stofna til lengri tíma litið.

Á Íslandi hafa verið skilgreind 121 svæði sem teljast alþjóðlega mikilvæg 81 tegund varp- og umferðafugla. Svæðið Blikastaðakró-Leiruvogur (FG-V 4), sem fellur undir flokk fjöru- og grunnsævissvæða, heyrir undir fuglavöktun NSV á höfuðborgarsvæðinu. Önnur svæði fuglavöktunar NSV eru annað hvort friðlýst og/eða njóta mikilla vinsælda sem útivistarsvæði m.a. vegna fjölbreytts fuglalífs.


Framkvæmd 2022

Fuglatalningar voru framkvæmdar á friðlýstum svæðum og öðrum mikilvægum fuglasvæðum innan höfuðborgarsvæðisins. Vöktun skiptist annars vegar í strandfuglatalningu sem fór fram vor, síðsumar og haust og hins vegar vatnafuglatalningu bæði vor og síðsumar (Tafla 1). NSV sá um vöktun á eftirfarandi sex svæðum árið 2022; Leiruvogi, Ástjörn, Urriðakotsvatni, Vífilstaðavatni, Rauðavatni og Elliðavatni (1.mynd).

Vöktun var framkvæmd með beinum talningum af útsýnisstöðum. Svæðin voru skimuð með öflugum sjóntækjum af völdum útsýnisstöðum sem veittu góða yfirsýn yfir talningasvæðin. Bæði var notast við fjarsjá (x70) og sjónauka (8x42) við talningar. Tiltæk eyðublöð fuglavöktunar vatnafugla frá NNA voru notuð til viðmiðunar og aðlöguð að vöktun NSV. Talningar á strandfuglum fór fram á fjöru. Svæðin eru mjög breytileg að umfangi, að þessu sinni var Leiruvogur eina strandfuglasvæðið en í vatnafuglavöktuninni var Elliðavatn langstærsta vöktunarsvæðið. Vöktunartímabil NSV hófst í apríl og lauk í október (Tafla 2). Öll gögn fuglavöktunar NSV fyrir árið 2022 hafa verið færð inn í gagnagrunn vöktunar náttúruverndarsvæða.

Tafla 1. Vöktunarsvæði NSV á höfuðborgarsvæðinu, áhersla og fjöldi vaktana eftir árstíðum á hverju svæði.

Svæði	Áhersla vöktunar	Fjöldi vaktana		
		Vor	Sumar	Haut
Leiruvogur	Strandfuglar/farfuglar	5	1	3
Ástjörn	Vatnafuglar	1	1	
Urriðakotsvatn	Vatnafuglar	1	1	
Vífilstaðavatn	Vatnafuglar	1	1	
Rauðavatn	Vatnafuglar	1	1	
Elliðavatn	Vatnafuglar	1	1	



1. mynd. Fuglatalningasæðin á höfuðborgarsvæðinu sem NSV sá um vöktun á árið 2022.

Tafla 2. Yfirlit yfir fuglatalningar NSV á höfuðborgarsvæðinu árið 2022.

Dagsetning	Árstími	Starfsfólk	Leiruvogur	Ástjörn	Urriðakotsvatn	Vífilstaðavatn	Rauðavatn	Elliðavatn
26.4.2022	Vor	SG	X					
4.5.2022		SG	X					
10.5.2022		SG	X					
18.5.2022		SG	X					
23.5.2022		SG	X					
10.6.2022		ÓPJ		X	X	X	X	X
18.7.2022	Sumar	SG	X					
11.8.2022		SG, ÓPJ		X	X	X	X	X
23.9.2022	Haust	SG, ABM	X					
30.9.2022		SG, ABM	X					
14.10.2022		SG, ABM	X					

SG: Sindri Gíslason, ÓPJ: Ólafur Páll Jónsson, ABM: Anna Bára Másdóttir